

157
4. sept.

kvæmd eftirlitsins. Ber honum m. a. að ganga eftir því, að skýrslur séu sendar og sýnishorn tekin nægilega oft.

4. Kostnaður við rannsóknir og önnur störf þeirra manna, er ríkisstjórnin skipar sérstaklega til að annast framkvæmdir eftirlits samkvæmt reglugerð þessari, greiðist úr ríkissjóði. Auk þess er dýralæknum (héraðslæknum) heimilt að taka gjald fyrir hverja skoðun (sbr. 1. tölulið) samkvæmt gjaldskrá fyrir dýralækna, nr. 114 20. sept. 1948.

Sveitarfélög greiða kostnað af eftirliti með mjólk og mjólkurvörum, er þau rækja hvert á sínum stað samkvæmt ákvæðum heilbrigðissamþykktu að öðru leyti en því, að nauðsynleg rannsókn sýnishorna, sem framkvæmd er á opinberum rannsóknarstofum, greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Um mál út af brotum á reglugerð þessari og refsingar fyrir þau, fer samkv. 11.—12. gr. laga nr. 24 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24 1. febrúar 1936, öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um mjólk og mjólkurvörur, nr. 136 frá 19. okt. 1946.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 4. september 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Ragnar Bjarkan.

158
7. sept.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Starfsmannafélags Akranesbæjar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. sept. 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Starfsmannafélags Akranesbæjar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Starfsmannafélags Akranesbæjar.

2. gr.

Sjóðurinn er eign félagsins, en með sérstöku reikningshaldi, og er hann undanþeginn öllum fjárhagsskuldbindingum félagsins. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af endurskoðendum félagsins og lagður fram til samþykktar á aðalfundi, ásamt skýrslu stjórnarinnar.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af félaginu. Fastatekjur hans eru 50% — fimmtíu af hundraði — af greiddu árstíllagi hvers félagsmanns og aðrar tekjur, sem félagið kann að afla honum.

4. gr.

158

Tilgangur sjóðsins er að styrkja þá félagsmenn, sem verða fyrir fjárhagsörðug- 7. sept.
leikum vegna langvarandi veikinda, slysa, dauðsfalls innan fjölskyldu þeirra eða
öðru fjárhagslegu tjóni, af þeim óviðráðanlegum orsökum.

5. gr.

Styrkveitingar fara fram einu sinni á ári, í desember, og skulu umsóknir um
styrki sendar formanni sjóðstjórnar fyrir 15. nóvember ár hvert. Útbýting styrksins
fer fram eigi síðar en um miðjan desembermánuð.

Óráðstafað styrktarfé leggst árlega við höfuðstól.

6. gr.

Til styrkveitinga er heimilt að verja allt að helmingi fastra tekna sjóðsins á
ári, þar til sjóðurinn nemur kr. 20000.00 — tuttugu þúsund krónum —, en síðan
allt að þrem fjórðu hlutum fastra tekna.

Árleg tillög og gjafir, sem ekki eru tilgreind í 3. gr. þessarar skipulagsskrár,
reiknast ekki til fastra tekna sjóðsins.

7. gr.

Sjóðnum stjórna þrír menn, sem kosnir eru á aðalfundi Starfsmannafélags
Akranesbæjar, til þriggja ára í senn, og skal einn ganga úr hvert ár, í fyrstu tvö
skiptin eftir hlutkesti.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.
Þannig samþykkt á aðalfundi félagsins 8. marz 1953.

Svbj. Oddsson,
formaður.

Sig. Guðmundsson,
ritari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Sjóð Sigurðar Guðmundssonar 159
skólameistara“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. 7. sept.
sept. 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjóð Sigurðar Guðmundssonar skólameistara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjóður Sigurðar Guðmundssonar skólameistara.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður í þann mund, er Sigurður Guðmundsson lét af embætti
skólameistara við Menntaskólann á Akureyri. Hafliði Halldórsson forstjóri, Reykja-
vík, sendi þá kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur — til stofnunar sjóðsins.